

2. fundur Atvinnu- og hafnarnefndAtvinnu- og hafnarnefnd haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, 9. apríl 2014
og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Björgvin Sigurjónsson (BS) formaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) aðalmaður, Jóna Sigurveinsdóttir (JS) aðalmaður, Indriði Indriðason (II) sveitarstjóri, Kristín Magnúsdóttir (KM) varamaður og Bjarni Magnússon varamaður.

Fundargerð ritaði: Björgvin Sigurjónsson, formaður

Dagskrá:

1. Samtök atvinnurekenda Tálknafirði. - 1404019

Undir þessum lið sat fundinn Magnús Ólaf Hansson, verkefnastjóri Atvinnuþróunarfélagsins.

Formaður kynnti hugmynd að stofnun samtaka atvinnurekanda í Tálknafirði. Magnús kynnti drög að samþykktum fyrir samtökum atvinnurekanda í Tálknafirði, sem og drög að bréfi sem sent verður öllum atvinnurekendum og þeim aðilum sem eru með skráð fyrirtæki í Tálknafirði.

Nefndin samþykkir að standa fyrir stofnun á umræddu félagi. Samþykkt samhljóða.

2. Deiliskipulag hafnarsvæðis Tálknafirði - 1404020

Sveitarstjóri kynnti vinnu sem er í gangi er varðar deiliskipulag á hafnarsvæðinu. Til kynningar.

3. Umgengi um hafnarsvæði. - 1404021

Atvinnu- og hafnarmálanefnd hvetur hafnarstjóra að sjá til þess að umgengi um hafnarsvæðið verði bætt og hreinsun á hafnarsvæði verði lokið fyrir miðjan maí n.k. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00.

2. fundur
13. mars 2017

Björgvin Sigurjónsson (BS)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Jóna Sigurveinsdóttir (JS)

Indriði Indriðason (II)

Kristín Magnúsdóttir (KM)

Bjarni Magnússon
